

AUGLÝSING

um skrá Heilsustofnunar NLFÍ skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarfræðingar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga:

Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunarfræðingur 4,2 stg. þ.e. (1) á hverri vakt, morgunvakt, kvöldvakt og næturvakt.

Tilgreint er að eldri auglýsing nr. 107 frá janúar 2005 fellur úr gildi.

Hveragerði, 17. mars 2005.

Hulda Sigurlína Þórðardóttir hjúkrunarforstjóri.

REGLUGERÐ

um kjöt og kjötvörur.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um flokkun og samsetningu kjöts og kjötvara hér á landi. Ákvæði hennar ná einnig til nafngifta og annarra merkinga sem notaðar eru við dreifingu kjöts og kjötvara.

2. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um kjöt og kjötvörur sem boðnar eru til sölu, auglýstar eða kynntar með öðrum hætti.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:

1. *Kjöt* er beinagrindarvöðvar spendýra og fugla sem hæfir eru til manneldis ásamt meðfylgjandi eða tengdum vefjum. Þind og kjálkavöðvar eru hluti af beinagrindarvöðvum en hjarta, tunga, vöðvar í höfði (nema kjálkavöðvar), löppum og rófu (dindli, hala) eru undanskildir.
2. *Innmatur* eru hjörtu, lifur, nýru og aðrir hlutar sláturdýra sem ekki falla undir skilgreiningu á kjöti en eru nýttir til manneldis.
3. *Ferskt kjöt* er kjöt, þar með talið kjöt í lofttæmdum og loftskiptum umbúðum sem að frátalinni kælingu hefur ekki verið meðhöndlað til að lengja geymsluþolið.
4. *Kjötvara* er hver sú vara sem unnin er úr kjöti og/eða innmat. Í henni geta einnig verið önnur hráefni svo og aukefni, en hámark þeirra fer eftir því um hvaða vöru er að ræða. Samanlagt magn annarra hráefna og aukefna má þó aldrei fara yfir 65%.